

Fundargerð 30. fundar í stjórn Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar
13. nóvember 2008 kl. 12:00 á skrifstofu félagsins, byggingu 946, Keflavíkurflugvelli.

Mættir: Páll Sigurjónsson, stjórnarformaður
Árni Sigfússon, varastjórnarformaður
Reynir Ólafsson, stjórnarmaður
Kjartan Þór Eiríksson, framkvæmdastjóri sem jafnframt ritaði fundargerð.

1. Fundargerð síðasta fundar
Fundargerð síðasta fundar var borin upp, samþykkt og undirrituð af viðstöddum stjórnarmönnum.
2. 9 mánaða uppgjör
Kynnt var 9 mánaða uppgjör félagsins. Uppgjörið verður tekið til formlegrar afgreiðslu á næsta fundi.
3. Kynningar- og nafnamál
Farið var yfir framvindu vegna kynningar- og nafnamála. Verkefnið hefur verið unnið með aðkomu helstu hagsmunaaðila á svæðinu þ.m.t. sveitarfélaga. Unnið verður áfram að verkefninu í samræmi við áætlun.
4. Þróun á nærsvæðum flugvallar – svæðamörk og hlutverk
Farið var yfir stöðu í viðræðum á milli sveitarfélaga og ríkis um þróun á nærsvæðum flugvallar. Ljóst er að vinna þarf að grunnskilgreiningum á hlutverkaskiptingu milli ÞK og Keflavíkurflugvallar þannig að útfæra megi svæðamörk.
5. Umboð stjórnar til framkvæmdastjóra
Lögð voru fyrir drög að nýju umboði stjórnar til framkvæmdastjóra og voru þau samþykkt.
6. Önnur mál
 - a. Lögð voru fyrir drög að ráðgjafasamningi við Vencat. Stjórnin samþykkti útfærslu samningsins og fól framkvæmdastjóra að klára málið.
 - b. Kynntar voru hugmyndir að samstarfi við Innovit. Stjórnin tók jákvætt í hugmyndirnar og fól framkvæmdastjóra vinnslu málsins.
 - c. Kynntar voru hugmyndir Vesturports um rekstur í Andrews Theatre. Stjórnin tók jákvætt í hugmyndirnar og fól framkvæmdastjóra vinnslu málsins.
 - d. Stjórn var upplýst um stöðu mála varðandi þá samninga sem gerðir hafa verið um sölu eigna.
 - e. Ræddar voru hugmyndir að útfærslu á samningi við Reykjanesbæ um yfirtöku á rekstri gatnakerfis auk fleiri þátta. Árni Sigfússon vék af fundi.
7. Næsti fundur verður haldinn á skrifstofu félagsins þann 11. desember n.k.

Fleira var ekki gert og fundi slitið

